

97. fundur Skráningarráðs, haldinn 7. janúar 2016 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 9-11

Fundarmenn: Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna, Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gagnis og Magnhildur Magnúsdóttir verkefnisstjóri RDA innleiðingar

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.
2. Undanþágubeiðnir. Beiðni um undanþágu frá skilyrðum til að sækja RDA námskeið var samþykkt. Magnhildur mun sjá um að svara fyrirspurnum sem henni berast vegna skráningar á RDA námskeiðin.
3. MARC svið 300. Erindi frá Hallfríði. Notkun hornklofa við greiningu ótölusettra blaðsíðna er ekki heimil í RDA reglunum. Ákveðið er að nota orðalagið ótölusettar bls. þegar þarf að gera grein fyrir þeim.

Dæmi:

300 |a 16 ótölusettar bls., 233 bls.

Skammstöfunin bls. Ákveðið var að nota ekki skammstöfun bls. í samsettum orðum

Dæmi:

300 |a 16 ótölusettar myndablaðsíður, 233 bls. með óreglulegu blaðsíðutali.

4. MARC svið 264/490 Erindi frá Hallfríði. Töluorð, skráning á ártölum og númerum ritraða. Stofnunum sem skrá er heimilt að marka sér stefnu um hvernig töluorð eru tekin upp. Ákveðið er að umrita rómverska tölustafi yfir í serkneska í þessum MARC sviðum.

Dæmi:

Útgáfuár á riti MCMXXX verður í skráningarfærslu 264 |c 1930

Bindi III á riti verður í skráningarfærslu 490 |v Bindi 3

5. Viðurkenningarskjöl. Magnhildur lagði fram sýnishorn að viðurkenningarskjölum. Henni var falið að vinna áfram að lokaútliti skjalanna.
6. RDA skráning á tímaritum. Frestað til næsta fundar, þá mun Helga Kristín kynna lokaskjal tímaritahóps.
7. RDA skráning á nótum. Frestað til næsta fundar, þá mun Rósa Björg kynna lokaskjal nótnahóps.
8. Skráning á lögum, reglugerðum og skýrslum ráðuneyta. Hallfríður lagði fram uppfærða útgáfu af skjalinu til samræmis við RDA skráningarreglurnar. Skjalið var samþykkt og verður vistað með öðrum samþykktum Skráningarráðs
9. Önnur mál
Áslaug benti á breytingu á skráningu á undirtitlum eins og skáldsaga, ljóð, greinar o.s.frv. eftir því hvernig titilsíðan er sett upp.
Dæmi:
245 |a Mýrin
245 |a Mýrin : |b skáldsaga / |c Arnaldur Indriðason
245 |a Mýrin / |c skáldsaga eftir Arnald Indriðason (sama letur og lína)

Hallfríður benti á að ekki væri nauðsynlegt að tilgreina framleiðanda þó útgefanda vantaði á bækur. Mikilvægi framleiðanda í lýsingu fer eftir gerð viðfangs.

Hildur sýnir kortaskjalið sem er að taka á sig mynd vefsíðu í Handbók skrásetjara undir flípanum RDA-skráning.

Skjalið Samþykktir skráningarráðs er rætt. Allir eru sammála um gagnsemi þess og mun því verða viðhaldið enn um sinn.

Næsti fundur er boðaður 14. janúar 2016 kl. 9-11. Fyrir þann fund munu Áslaug og Hallfríður lesa nótnaskjalið. Rósa og Þóra munu lesa tímaritaskjalið.